

Ha?

Rifnađi himna?

Aflafla

ljós frá þriðja degi
ennþá logandi
tífaði tíma
sprengja
nýjan
dag
og
nótt
og dag
og nótt og
dag og nótt og
dag og

Ég hef fallið

á tímann.

Hann gaf ekkert eftir
en græddi tvö spor.

Er von

til að einhver líti upp
í heimi sem er varla stærri en þumall?

Taktu og lestu

í svipi!
Þeir eru þrjónaðir
úr tíma og tali
og falla í stafi
á blaðsíðum aldanna
þá þar og nú hér.

Sál

fer á taugum
í fyrstu hálfu vetrarins
þegar hann sér endalaus röðina
og bannar pásur og matarhlé þann daginn.
Jónatan er að ballansera,
heyrir ekki í karlinum
og gúffar í sig hunangsköku í hádeginu.
Gamli tjúllast.

Kain

gengur 7jósum 7ogum
fu77kom7ega frið7aus
á ei7ífum f7óttu undan sjá7fum sér,
merktur sjöfa7dri hefnd
og mun a7drei geta fyrirgefið
fyrir en hann ski7ur að hann er Abe7

7777777

7777777

7777777

7777777

7777777

7777777

7777777

77777777

Jónas

dreymir um frí á Benidorm
en belgmikli ruslabíllinn
gleypir hann á hverjum morgni
því hann er dæmdur
til að tæma tunnur.

Hann útilokar heiminn
með heyrnartólunum
og rennur í eitt með
Rage Against the Machine.

Reiðin

þekkir sjaldnast
sinn vitjunartíma.

.

Ég afhausa

fífla.

Höfuðin fljóta í plastglasinu
þar sem ég drekki
höggormum
og drekum
sem eru ánamaðkar
og vænglausar fiskiflugur.

Maður á hjóli rennir í hlað.
Kannski er hann að rukka tímann?

Nói og frú

eru vegan.

Dýrin sem þau hafa ekki borðað
munu bráðum fylla örkina.

Drambið

elsku lambið
með mjallarhvítu bómullarkrullurnar
og úlfsaugun.

Hver eeelskar ekki að heyra
hvella dúllulega jarmið:

*Þú ert svo algjörlega
me he he he he heððetta!*

Faraó

faðmar myrkrið vígamóður
þó súrsuð hafgolan fylli vitin,
hann sé mýi bitinn,
hagli barinn, kýlum sleginn,
ropandi froskar ræni hann svefni,
búsmalinn sé dauður úr pest
og allt ætt verði brátt upp urið.
Þetta versnar varla úr þessu, eða hvað?

Áhyggjur eru bestar

með sykri og rjóma.

Innst inni

hefur það legið í augum uppi
að þú ortir árnar,
reiknaðir tímann,
bakaðir fjöllin
og þrjónaðir lífið,
slétt og brugðið.

En hvað ef maður
er vatnshræddur,
glataður í stærðfræði,
með hveitiofnæmi
og þráhyggju fyrir því að rekja upp?

Heimurinn

er pollur
sem ég tortími með stígvélunum.

Eiginkona Lots

sér sig um hönd og sér
að hann er of daufur.
Hún er orðin saltstelpa.

Öfundin

er afundin
en það er samt alltaf gaman
að hringja í hana.

Jakob

SKAL! verða stjórnarformaður
í fyrirtækinu
Abrahamsson og synir ehf,
HVAÐ! sem það kostar!

Esaú

segir að framtíðin sé næsti skammtur.
Hann tekur tilræðið í nefið
fyrir allan peninginn.

Ísak

heyrir ekki lengur hljóðin
í tækjunum á gjörgæslunni.

Hann man
hvað hann heitir
og ef grannt er hlustað
má heyra hann hvísla:

Hlær sá best sem síðast hlær?

Bræður Jósefs

eru skelfingu lostnir
því þegar hann sýnir þeim
flugeldana á gamlárskvöld
þekkja þeir hann fyrir sama mann.

Óvænt springur næturhimininn
þeim til heiðurs.
Svo leiðir hann sönginn:
Nú árið er liðið.

Lostinn

er ljósfælin hugmynd
sem leitast við
að verða veruleikanum að bráð.

Davíð

vinnur í draumum sínum
Harley Davidson í spyrnu
og verður konungur
rafmagnsvespuenglanna.

Dalíla

hlustar á lagið þeirra með Springsteen
meðan hún ryksugar háraflóðið
og barnslega ástina.

Tifandi blá ljósin dofna á rúðunni
og þeir fjarlægjast húsið.

Esekíel

er risinn við dogg. Hann virðist hinn rólegastl
og það er verið að mata hann á súpu.

Byrji hann aftur á þessu rugli
um verurnar og hjólin
verður hann sprautaður niður.

Elía

hefur í langan tíma látið sér duga
að eta úr laupnum
og drekka af gvendarbrunni
en nú skal haldið
með plastpokann
á vit nýrra ævintýra.

Prédikarinn

opnar dós
af niðursoðnum ávöxtum
sem hann ræktar í heilanum á sér.
Ekkert annað skiptir máli.

Í speglasalnum

blasi ég við
spyrjandi augum mínum
ferlega fattlaus.

Hey, Daniél!

Þrisvar í röð
hefur mig dreymt
svífandi spreibrúsa
úðandi orðum sem ég skil ekki
og jafn oft hrokkið upp
með andfælum og kvíða.

Þegar ég vaknaði í morgun
og dró gluggatjöldin frá
sá ég þau skrifuð í skýin.

Opið

meðan byrðar endast.
- Leví Magasín

Alsjáandi

ekkert
rýni ég í landakortið.

Gam-la-ga-ta

stauta ég í húminu.

Jeremías!

Gætir þú verið vinnandi vegur til mín?

Hósea

bíður alla virka morgna
eftir því að hún fari
með Náðvana og Ekkiminnlýð
í leikskólann.

Þá hringir hann í Útvarp Sögu,
skammast út í þjóðina
og deilir harmrænu einkalífi þeirra
með hlustendum.

Hún er alveg að verða vitlaus á þessu
en hvernig á hún að geta staðist
þennan tileygða trylling?

Golden

Retriever hundur
stökk úr gamalli herflugvél
sem sveimaði yfir Akureyri.
Það var verið að senda hann
til að hjálpa einhverjum
og ég heyrði bæði
nafn og heimilisfang.
Þegar ég vaknaði
var ég búinn að gleyma
hvert hann átti að fara.

Lygin

þykist vera
jafngömul mér,
bara eldri í árinu.

Hún lítur við og við við og við
leikum okkur
þar til allt er komið í vitleysu.

Í djúpinu

hefur það alltaf verið á yfirborðinu
að þú ert ylur sólarinnar,
fimbulkuldi heimskautanna,
harkan í hrauninu
og mýktin í mosanum.

En hvað ef maður
sólbrennur af heift,
botnfrýs af fálæti,
herðist af hroka
og mýkist af misyndi?

Jósúa

er sjöundi hornleikari
Lúðrasveitar Verkalýðsins.
Það er fyrsti maí
og sjöunda árið í röð
þeytir hann sjöunda tóninn
í sjöunda baráttulaginu og...

Rut og Naomí

eru alsælar
með félagslegu íbúðina.
Sú gamla er dugleg að bjarga sér
í nýju landi og fer alein í búðina
meðan sú yngri skúrar skrifstofur.

Sara

stendur í flæðarmálinu
og kremur sandkornin milli tánna.
Handan flóans sér hún
óteljandi borgarljós.

Malakí

les veðurfréttir á miðnætti
og spáir réttlætissól
á stöku stað á morgun.
Þar munu kýrnar
leika við hvurn sinn fingur.

Eva

lifer í voninni
um að hamingjan sé til
þó veruleikinn sé annar en í gær.
Skilningurinn færir af tré á tré.

Þá það

þá þar,
nú hér.

Það var einusinni

nagli sem breyttist í rós
þegar ég steig á hann.
Bóðrauði knúppurinn minnti á þig.

Kornið

sem fyllti mælinn
fékk ég í augað
þegar ég engdist af feigð.

Eitt korn!

Sjö metra hár engill
hringjandi dyrabjöllunni
hefði ekki komið mér meira á óvart.

Stormurinn

braust inn um miðja nótt
og í miðju stormsins var sólríkur garður
og í miðjum garðinum tré.

Það er til mynd af mér

á Facebook sem var tekin
kvöldið sem þú helltir þér yfir mig
eins og heitri sturtu.

Þarna er ég
engu nær en þú öllu.

Ég hef séð

signinguna

með berum augum

blása blíðalogni,

hafið verða himin,

jökla bráðna sakleysinu

og eldfjöllin gjósa af ást.

Allt sem þarf er

fyrirgefðu, paradís,
umhyggja, angist, þorsti
og fullkomnað andvarp.

O 320

ég endurtek

O 320

Heyri ég Bingó?

Þegar

ég horfi á himininn,
verk handa þinna
les ég á hvolfi.

O

f

an

frá og hingað rifnaði

hi

m

na

hi

m

na